

Umhverfis og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Hornafirði, 21. desember 2018
nr. erindis 201811068 MÁ

Málefni: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Óskað var samráðs vegna vinnu að stofnun þjóðgarðs. Skjalið sem er til samráðs er vel unnið og engar athugasemdir vegna þess. Helstu athugasemdir sem Sveitarfélagið Hornafjörður hefur við verkefnið er að í sveitarfélaginu er Vatnajökulsþjóðgarður. Þjóðgarðurinn er illa fjármagnaður og hefur gengið illa að ná tókum á skipulagi og stefnumörkun ekki verið skýr. Til að mynda hefur verið beðið eftir atvinnustefnu frá upphafi og enn er hún ekki tilbúin. Ferðaþjónustuaðilar í Sveitarfélaginu Hornafirði hafa gagnrýnt að erfiðlega hefur gengið að stýra því hvaða fyrirtæki fái rekstrarleyfi í þjóðgarði og hafa gagnrýnt að stórir og fjársterkir aðilar vilji gleypa svæðið og standa fyrir ofnýtingu á auðlindunum. Innviðir eru jafnframt af skorum skammti í Vatnajökulsþjóðgarði, fráveitumál, klósett, starfsmannaaðstaða o.fl. er ábótavant. Helstu athugasemdir sveitarfélagsins í grunninn eru að mikilvægt er að tryggja þjóðgörðum sem fyrir eru í landinu rekstrargrundvöll áður en lögð er áhersla á að stofna nýja þjóðgarða.

Virðingarfyllst

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

